



## Reglur um skólahverfi, innritun og umsóknir í grunnskóla Árborgar

### Gildissvið

Reglur þessar gilda um umsókn og innritun nemenda í grunnskóla Árborgar en öllum börnum, að jafnaði á aldrinum 6-16 ára, er skylt að sækja grunnskóla skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum. Skólaskyld börn sem eiga lögheimili í Sveitarféluginu Árborg eiga rétt á skólavist eftir því sem nánar segir til um í reglum þessum. Það á einnig við um börn sem er ráðstafað til fósturforeldra eftir nánara samkomulagi. Foreldrar samkvæmt reglum þessum teljast þeir sem fara með forsjá barns í skilningi barnalaga. Það er á ábyrgð foreldra að innrita börn í grunnskóla þegar þau hafa aldur til. Í þeim tilvikum þegar forsjá barns er sameiginleg fer um innritun barns í skóla í samræmi við ákvæði 2. mgr. 28. gr. a í barnalögum nr. 76/2003. Ef barn er ekki skráð í grunnskóla og stundar ekki nám telst það til vanrækslu og er tilkynningarskylt samkvæmt 17. gr. barnaverndarlagra. Það gildir sömuleiðis ef nemendur sækja ekki skóla án lögmaðra forfalla þrátt fyrir að vera með skólavist. Foreldrum ber að tilkynna skóla um lögheimilisbreytingu innan mánaðar eftir að lögheimilisskipti verða.

### 1. gr. Skólahverfi

Í Sveitarféluginu Árborg eru starfræktir fjórir grunnskólar: Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, Stekkjaskóli, Sunnulækjarskóli og Vallaskóli. Hver grunnskóli tilheyrir ákveðnu skólahverfi sem nánar er skilgreint hér á eftir. Allir nemendur sem eiga lögheimili innan skólahverfis tiltekins grunnskóla eiga sjálfkrafa rétt á skólavist í viðkomandi skóla.

Skólahverfin má sjá á heimasíðu Árborgar [Skólabjónusta | Sveitarfélagið Árborg \(arborg.is\)](#). Nokkrar götur skiptast á milli skólahverfa eftir húsnúmerum. Með því að slá inn götuheiti og númer er hægt að sjá hvaða skólahverfi heimilið tilheyrir.

Hverfi Vallaskóla afmarkast af:

Öllum svæðum norðan Fossvegar (norðan Móavegar), Fossheiðar, Grashaga, Háengis, Álfarima og Langholts. Auk þess allar götur austan Austurhóla að Gaulverjabærjarvegi og Suðurhólum. Þær götur sem þarf að skoða sérstaklega eru: Álfarimi, Eyravegur, Fossheiði, Fossvegur, Grashagi, Háengi og Tryggvagata en þar geta ákveðin hús tilheyrt öðru skólahverfi.

Hverfi Sunnulækjarskóla afmarkast af:

Háengi, Álfarima og Langholti í norðri, Starengi, Dælengi, Lágengi, Norðurhólum, Álfhólum, Dverghólum og Tröllhólum í vestri, Suðurhólum í suðri, Gaulverjabærjarvegi í austri. Þær götur sem þarf að skoða sérstaklega eru: Álfarimi, Háengi og Tryggvagata en þar geta ákveðin hús tilheyrt öðru skólahverfi.

Hverfi Stekkjaskóla afmarkast af:

Fossheiði og Grashaga í norðri, Kjarrmóa, Starmóa, Bleikjulæk, Eyrarlæk, Sílalæk, Þúfulæk, Urriðalæk og Laxalæk í vestri, Hólastekk í suðri, Kjarrhólum, Grafhólum, Birkihólum, Lambhaga, Laufhaga og Reyrhaga í austri. Þær götur sem þarf að skoða sérstaklega eru: Eyravegur, Fossvegur og Grashagi en þar geta ákveðin hús tilheyrt öðru skólahverfi.

Jórvíkurhverfi tilheyrir skólahverfinu sem og gamli Sandvíkurhreppur, þ.m.t. Tjarnarbyggð.

Á meðan Stekkjaskóli er í byggingu fara eldri nemendur (haustið 2023, nemendur í 7.-10. bekk) sem búa í skólahverfi Stekkjaskóla í Vallaskóla fyrir utan nemendur í Tjarnarbyggð og Sandvíkurhreppi sem stunduðu nám í Sunnulækjarskóla, þeir halda áfram sinni skólagöngu þar.

Stekkjaskóli er í byggingu og þar bætist við einn árgangur á hverju skólaári til ársins 2028 þegar fullri skólastærð hefur verið náð.

Hverfi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri eru allar götur í þorpunum tveimur ásamt bæjum í fyrrum Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppi.

## **2. gr. Umsókn um grunnskóla í Árborg**

Umsókn um grunnskóla í Árborg fer fram í gegnum þjónustuvef sveitarfélagsins Mín Árborg [Innskráning - Sveitarfélagið Árborg \(island.is\)](#). Foreldrar barna sem eru að byrja í 1. bekk bera ábyrgð á að innrita börn sín í grunnskóla í sínu skólahverfi. Þau sem ekki geta sótt um rafrænt er bent á þjónustuver Árborgar í Ráðhúsinu, Austurvegi 2, varðandi aðstoð.

Ef barn með lögheimili í Árborg fer ekki í grunnskóla í Árborg er gert ráð fyrir að foreldrar afþakki skólavist og skrái ástæðu, til dæmis ef um er að ræða flutning úr sveitarfélagini eða flutning úr landi. Senda skal póst á [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is) til að afþakka skólavist.

## **3. gr. Val um grunnskóla og meðferð umsókna**

3.1. Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausán rétt á skólavist í hverfisskóla og hafa því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda.

3.2. Aðeins er gert ráð fyrir að nemandi sé í einum grunnskóla þrátt fyrir sameiginlega forsjá og/eða skipta búsetu foreldra skv. 32. gr. barnalaga nr. 76/2003.

3.3. Foreldrar geta óskað eftir að nemandi stundi nám í öðrum grunnskóla í Árborg en búseta segir til um. Sé um að ræða nemanda í væntanlegum 1. bekk þarf umsókn að berast skólastjóra viðkomandi skóla fyrir 1. febrúar árið sem skólaganga hefst. Óski foreldrar eldri nemenda eftir flutningi milli skóla innan sveitarfélags er um það fjallað í 4. gr.

3.4. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

3.5. Við meðferð umsókna um skólavist utan skólahverfis skal skólastjóri þess skóla sem sótt er um í, taka mið af óskum og rökum foreldra og aðstæðum í hverjum skóla fyrir sig. Leitast skal við að koma til móts við óskir foreldra og nemanda. Skólastjóra ber að afla upplýsinga hjá þeim sem málið varðar jafnt foreldrum sem og nemandanum sjálfum ef aldur og þroski gefa tilefni til. Jafnframt skal leitað álits núverandi skóla og ef við á þeirra sérfræðinga sem komið hafa að máli nemanda. Við mat á umsóknum skal skólastjóri taka mið af húsnaði og fjárhagsáætlun skólans. Skólastjóra ber að tryggja að formleg afgreiðsla liggi fyrir í gögnum skólans og sé varðveitt í málaskrá.

3.6. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar skal slík ákvörðun aðeins tekin að loknu mati á athugasemendum frá foreldrum og að höfðu samráði við skólabjónustu. Niðurstöðu um synjun skal skólastjóri tilkynna í bréfi

til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðsla umsókna skal að jafnaði vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skóla. Ef fyrirsjánlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólastjóri foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

3.7. Allir nemendur sem hafa skólavist í sama skóla, óháð lögheimili, eiga jafnan rétt á þjónustu innan skólans út frá þeim fjármunum sem skóli hefur til ráðstöfunar. Ráðstöfunarfjármunir skóla ráðast annars vegar af því fjármagni sem fylgir hverjum nemanda með lögheimili í Árborg skv. úthlutunarlíkani, og hins vegar af því fjármagni sem lögheimilissveitarfélag hefur samþykkt að greiða með nemendum með lögheimili utan Árborgar.

3.8. Flytji nemendur milli skólahverfa innan Árborgar eftir að skólaganga hefst er ekki gerð krafa um flutning milli skóla.

#### **4. gr. Flutningur milli skóla í Árborg**

Óski foreldrar eftir því að barn fari í annan grunnskóla en sinn hverfisskóla sækja þeir um flutning á milli grunnskóla á míni Árborg [Innskráning - Sveitarfélagið Árborg \(island.is\)](#). Með umsóknir er farið skv. 3. grein þessara reglna.

#### **5. gr. Umsókn um skólavist í öðru sveitarfélagi (utan Árborgar)**

5.1. Nemendur með lögheimili í Árborg hafa möguleika á að sækja um skólavist í grunnskóla utan Árborgar. Hér getur verið um að ræða sérskóla (t.d. Klettaskóla og Brúarskóla), sérdeildir í grunnskóla (t.d. deild fyrir heyrnarskerta í Hlíðarskóla) eða almennan grunnskóla, hvort sem hann er rekinn af öðrum sveitarfélögum eða er sjálfstætt starfræktur grunnskóli. Samþykki viðkomandi skóli inngöngu nemanda frá Árborg þurfa foreldrar að sækja sömuleiðis um þá skólavist á þjónustuvef Árborgar Mín Árborg. Samþykkt umsókn er forsenda greiðslu skólavistargjálda af hálfu sveitarfélagsins.

5.2. Skólapjónusta Árborgar fjallar um umsóknir um skólavist í öðru sveitarfélagi. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Í umsókn þarf að tilgreina ástæður þess að óskað er eftir skólavist utan sveitarfélags og fylgja þarf rökstuðningur fyrir umsókninni. Við meðferð umsókna skal afla upplýsinga hjá þeim sem málið varðar, jafnt foreldrum sem og nemandanum sjálfum ef aldur og þroski gefa tilefni til. Jafnframt skal leitað álits núverandi skóla og ef við á þeirra sérfræðinga sem komið hafa að máli nemanda. Úrvinnsla umsókna fer fram á afgreiðslufundum skólapjónustu sem haldnir eru vikulega. Deildarstjóri skólapjónustu ber ábyrgð á að svara umsóknum skriflega.

5.3. Sé til skoðunar að sveitarfélagið synji umsókn um skólavist utan Árborgar á grundvelli álits skóla og/eða skólapjónustu skal gefa foreldrum kost á að tjá sig um þau gögn og þau sjónarmið sem gætu leitt til synjunar. Andmæli foreldra skulu berast skólapjónustu skriflega innan tveggja vikna. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum, skal skólapjónusta tilkynna það í bréfi til foreldra. Ákvörðun skal vera rökstudd og foreldrar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Afgreiðslu umsókna skal vera lokið innan mánaðar frá því að umsókn berst til skólapjónustu. Ef fyrirsjánlegt er að afgreiðsla umsóknar muni tefjast upplýsir skólapjónusta foreldra um ástæður tafanna og hvenær afgreiðslu er að vænta.

## **6. gr. Nemendur með lögheimili í öðrum sveitarfélögum**

Óski foreldrar nemandar með lögheimili utan Árborgar eftir að nemandinn sæki grunnskóla í Árborg er farið með umsóknina í samræmi við viðmiðunarreglur Sambands íslenskra sveitarfélaga þar um [Grunnскólanám utan lögheimilissveitarfélags - Samband íslenskra sveitarfélaga](#). Umsókn um skólavist í Árborg skal berast skólapjónustu Árborgar í tölvupósti á netfangið [skolathjonusta@arborg.is](mailto:skolathjonusta@arborg.is) auk samþykkis frá lögheimilissveitarfélagi nemandans vegna greiðslna fyrir skólavist.

## **7. gr. Tímabundin búseta**

Barn á grunnskólaaldri sem hefur búsetu í Árborg án þess að hafa lögheimili á Íslandi skal að öllu jöfnu sækja skóla og fá þjónustu út frá búsetu sinni.

Barn á grunnskólaaldri sem á lögheimili í Árborg en dvelur erlendis yfir lengri tíma skal að öllu jöfnu sækja grunnskóla í viðkomandi landi.

Foreldrar geta óskað eftir undanþágu frá skólasókn ef um sérstakar aðstæður er að ræða líkt og tímabundna búsetu erlendis. Um slíkt skal sótt til skólastjóra grunnskóla nemandans áður en flutt er til útlanda.

## **8. gr. Skólavistarvöktun**

Skólapjónusta Árborgar er með vöktun á lögheimilisskráningu barna í upphafi hvers skólaárs til að tryggja að öll börn á grunnskólaaldri með lögheimili í Árborg séu með skólavist á vegum sveitarfélagsins, það er í grunnskólum sveitarfélagsins eða öðrum skólum sem sveitarfélagið hefur samþykkt skv. 5. gr.

Samþykkt í fræðslu- og frístundanefnd 19. júní 2024

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Árborgar þann 26. Júní 2024.